



Er stjórn aðskilin framkvæmdastjórn?

Fá nýir stjórnarmenn þjálfun og leiðbeiningar um þáttöku í stjórnarstörfum?

Er meirihluti stjórnar óháður?

Hvert er álit fagfjárfesta og annarra hagaðila á störfum stjórnarinnar?

Fyrirtækjaráðgjöf

Samsetning og skipulag stjórnar

Það skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki að vel sé hugað að skipulagi og samsetningu stjórnar. Þannig getur stjórnin betur uppfyllt hlutverk sitt og væntingar hluthafa og annarra hagaðila.

Mikilvægt er að velja stjórnarmenn úr fjölbreyttum hópi hæfra einstaklinga sem koma ekki að framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

PwC leggur áherslu á að nýir stjórnarmenn fái upplýsingar um hlutverk sitt og ábyrgð ásamt þjálfun í stjórnarstörfum.

Samsetning stjórnar

Samsetning stjórnar

Stjórn verður að búa að hæfum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn til að tryggja sem bestan árangur.

Mikilvægt er að skýr skil séu á milli stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Æskilegt er að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu.

Velja þarf hæfa einstaklinga í undirnefndir stjórnar sem framkvæma þau verk sem þeim er úthlutað og skýra vel og greinilega frá störfum sínum til stjórnar.

Þau sem eiga sæti í stjórn ættu að starfa samkvæmt bestu dómgreind, trúverðugleika, skilja stefnumótun og áætlanagerð, hafa þekkingu á starfseminni og hæfni til mannlegra samskipta og ákvarðanatöku.

Þjálfun nýrra stjórnarmanna

Nýir stjórnarmenn ættu að fá kynningu á hlutverki og störfum stjórnar, ábyrgð sinni sem stjórnarmanns og skyldum.

Eðlilegt er að stjórnarmenn fái reglulega þjálfun í stjórnarstörfum.

Stjórn ætti að fara í gegnum reglubundið mat á störfum sínum.

Óháði

Æskilegt er að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu og að af þeim séu að minnsta kosti tveir stjórnarmenn sem eru óháðir stórum hluthöfum í félaginu sé miðað við fimm manna stjórn.

Stjórnarmenn ættu að hafa aðgang að sjálfstæðum ráðgjöfum.

Stjórnin skal sjálf meta hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu.

Okkar reynsla

Árangursmat

Markmið árangursmats að mati PwC er að skapa hina skilvirku stjórn. Stjórn ætti þannig að fara í gegnum reglubundið árangursmat á störfum sínum og störfum undirnefnda. Í því felst:

- að leggja mat á styrkleika og veikleika
- að meta árangur af áhættustjórnun
- að meta árangur af stefnumótun
- að ákveða hvað þurfi að bæta

Þjálfun nýrra stjórnarmanna

Dæmi eru um að einstaklingar taki sæti í stjórn án þess að hafa reynslu af stjórnarstörfum. Mikilvægt er að nýir stjórnarmenn:

- fái almennar leiðbeiningar um þáttöku í stjórnarstörfum
- fái kynningu á starfsreglum stjórnar
- fái allar nauðsynlegar upplýsingar um viðfangsefni stjórnar
- fái leiðbeiningar um lagalega ábyrgð sína

Hvað getur PwC gert fyrir þig

PricewaterhouseCoopers leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórn samanstandi af hæfum og traustum aðilum sem uppfylla hlutverk sín og fylgja skipulagi og verkreglum stjórnar. PwC hefur reynslumikið og hæft starfsfólk á þessu sviði sem veitt getur ráðgjöf um alla þætti góðra stjórnarháttá. Dæmi um okkar þjónustu eru:

- Þjálfun nýrra stjórnarmanna
 - laga- og regluhverfi – hlutverk og ábyrgð stjórnar
 - meðferð fjárhagsupplýsinga og reikningsskil
 - gagnamöppur útbúnar fyrir nýja stjórnarmenn
 - kynning á starfsumhverfi
- Þjálfun í afmörkuðum þáttum
 - alþjóðleg reikningsskil
 - féлага- og verðbréfamarkaðsréttur
- Sérfræðiráðgjöf - Árangursmat
 - gátlisti fyrir árangursmat
 - ráðgjöf um framkvæmd árangursmats

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

Tengiliðir

Halldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Ragnar Þ. Jónasson

Ráðgjafi / lögfræðingur

+ 354 550 5360

ragnar.jonasson@is.pwc.com